

BREYTING Á DEILISKIPULAGI - GREINARGERÐ

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem gert var árið 2012 fyrir bæjartorfu Sjónarhóls í Ásahreppi (Lnr. 198871). Breytingin er gerð í kjölfar þess að land Sjónarhóls hefur stækkað til norðvesturs og felst í eftirfarandi atriðum:

Skipulagssvæðið stækkar til norðvesturs úr 2.8 ha í 5.0 ha. Byggingareitur sem fyrir er fær merkinguna B1 og stækkar úr 1666m² í 2790m². Leyfilegt byggingarmagn á reitnum er aukið og tækjageymsla sem byggð hefur verið er teiknuð inn á uppdrátt.

Afmarkaður er 860 m² byggingareitur - B2 - um íbúðarhús og skilmálar settir um byggingarmagn.

Afmörkuð eru tvö geymslusvæði til geymslu lausamuna.

Breytingar þessar eru í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 þar sem landnotkun er skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

Aðkoma að svæðinu er um þjóðveg 284 (Heiðarveg) og heimreiðina að Sjónarhóli.

SKILMÁLAR

B1 : Reitur fyrir byggingar tengdar starfsemi búans. Leyfilegt byggingarmagn umfram þegar byggða tækjageymslu er 800m². Mænishæð mest 8.0m, mælt frá plötu.


B2 : Reitur íbúðarhúss. Leyfilegt byggingarmagn umfram þegar byggt íbúðarhús er 100m². Mænishæð mest 5.0m, mælt frá plötu.

Almennt: Mænisstefna, þakhalli, form og gerð húsa eru gefin frjáls. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.

VEITUR: Sjónarhóll er tengdur rafveitu frá RARIK, vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings Ytra og Hitaveitu Rangæinga. Frárennsli skal leitt í rotþró og gengið frá því samkvæmt reglugerð um fráveitur nr 789/1999


ÞJÓNUSTA: Þjónusta slökkviliðs er frá Brunavörnum Rangárþings. Tæming rotþróa, snjómokstur, skólaakstur og sorphirða er á vegum sveitarfélagsins.

MINJAR: Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins.




Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps þann _____ skv. 2.mgr. 43 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



GILDANDI DEILISKIPULAG

Mkv. 1:2000 á A3




BREYTT DEILISKIPULAG

Mkv. 1:2000 á A3

SKÝRINGAR

- Skipulagssvæði
- Landamerki
- - - Byggingareitur
- Vegir
- Manir úr jarðvegi og gróðri



ÁSAHREPPUR
SJÓNARHÓLL

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

13.06.2018 Mælikvarði 1:2000 á A3 SIGURÐUR U. SIGURÐSSON 290772-4279